

Fimmtudaginn 19. september 1991.

Nr. 380/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Eddie R. Woodfin.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. september sl., sem barst Hæstarétti 17. s.m.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Greinargerð ákærvaldsins barst Hæstarétti 18. september sl. Greinargerðinni fylgdu frekari skýrslur um rannsókn málsins. Þær skýrslur styrkja fremur þann grun, sem er tilefni rannsóknarinnar. Með vísan til þess og annars með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 16. september 1991.

Rannsóknarlögreglan á Keflavíkurflugvelli hefur krafist þess, að Eddie R. Woodfin varnarliðsmaður, fæddur 4. apríl 1953, í Toledo í Ohio-fylki í Bandaríkjunum, verði látinn sæta gæsluvarðhaldi í allt að átta daga.

Kærði, Woodfin, var handtekinn við komu til landsins í morgun, en hann er ásamt tveimur öðrum undir grun um að hafa aðfaranótt mánudagsins 9. september nauðgað X í herbergi 221 í byggingu 762 á Keflavíkurflugvelli. Hinum grunuðu, James Earl Roberson og Christopher Andre Jackson, var gert að sæta gæsluvarðhaldi í allt að tíu daga með úrskurðum sl. föstudag.

Nefnd X hefur í framburði sínum hjá rannsóknarlögreglu skýrt frá því,

að hún hafi ásamt vinkonu sinni komið í ofannefnt herbergi um kvöldið 8. september. Vinkona sín hafi farið um miðnætti, en hún ekki viljað fara þá strax. Segir hún, að allt í einu hafi Roberson haldið henni aftan frá og Jackson og Woodfin fært hana úr stuttbuxum og nærbuxum og nauðgað henni báðir. Telur hún, að þetta hafi gerst á milli kl. 1 og 3.00.

Kærðu hafa allir neitað sök. Framburður X styðst hins vegar við vottorð yfirlæknis á Heilsugæslustöð Suðurnesja, en þangað leitaði hún aðfaranótt sl. þriðjudags. Segir í vottorði læknisins, að mjög líklegt sé, að hún hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Rannsókn máls þessa er vart af frumstigi, en hún beinist fyrst og fremst að meintu broti gegn 194. gr. almennra hegningarlaga. Má telja, að í þágu rannsóknar málsins sé það brýn nauðsyn, að kærðu verði meinað að ræða sín á milli svo og við vitni í málinu. Þykir því með vísan til 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 verða að úrskurða kærða, Eddie R. Woodfin, til að sæta gæsluvarðhaldi í allt að fjóra sólarhringa.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Eddie R. Woodfin skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 17.00 nk. föstudag 20. september.